

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag fyrir virkjun í Nípá í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 8. janúar 2009 deiliskipulag fyrir virkjun í Nípá í Þingeyjarsveit.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 750 kW virkjun við Árteig. Rennsli Nípár verður virkjað með 15 m langri stíflu og vatn leitt þaðan með um 2.760 m langri þrýstípípu að stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir 75 m² stöðvarhúsi, lagningu 700 m viðbótar við vegslóða að inntaksstíflu og lagningu jarðstrengs meðfram þrýstípípu að Árteigsvirkjun 4.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugum, 16. febrúar 2009.

Tryggvi Harðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2009